

## Fyrirspurn

til forsætisráðherra um menningarkynningu í Frakklandi.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mikil voru útgjöld ríkisins í tengslum við menningarkynningu sem nú stendur yfir í Frakklandi, skipt á forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og aðra sem stóðu undir kostnaði af kynningunni?
2. Fyrir hve marga embættismenn, stjórnáamenn og aðra sem sóttu menningarkynninguna greiddi ríkið og hve mikið var greitt í ferðakostnað og dagpeninga?
3. Var gerð kostnaðaráætlun fyrir menningarkynninguna og, ef svo er, hvernig hefur hún staðist?
4. Var gert ráð fyrir þessum fjármunum á fjárlögum og þarf að sækja um aukafjárveitingu vegna verkefnisins?
5. Voru skoðaðir aðrir kostir á sviði menningar og lista sem skilað gætu því sama til landkynningar og fjölgunar ferðamanna og var gert kostnaðarmat og samanburður í því sambandi?

Skriflegt svar óskast.